

Endurreisn Krýsuvíkirkirkju eftir bruna

Krýsuvíkirkirkja var byggð árið 1857 og var yfirsmíður hennar Beinteinn Stefánsson bóndi og smíður í Arnarfelli. Hún var lögð niður sem sóknarkirkja 1917 og breytt í íbúðarhús 1929 en eftir að byggð lagðist af í Krýsuvík hrórnaði húsinu mjög. Björn Jóhannesson bæjarfulltrúi í Hafnarfirði beitti sér fyrir viðgerð á húsinu 1954 með velvilja bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og lauk viðgerðinni að mestu árið 1961. Kirkjuhúsið var endurvígt 1964 og sama ár tók Þjóðminjasafn Íslands við húsinu til eignar ásamt landspildu. Þjóðminjasafnið hóf viðgerð á kirkjunni 1989 og var henni framhaldið næstu ár. Þá voru veggir klæddir listapili að nýju og gluggar endursmíðaðir.

Krýsuvíkirkirkja brann til grunna 2. janúar 2010 en fljótlega var stofnað Vinafélag Krýsuvíkirkirkju til að vinna að endurgerð kirkjunnar með lðnskólanum í Hafnarfirði og Þjóðminjasafni Íslands. Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt hjá Þjóðminjasafni Íslands gerði nýjar teikningar af burðarvirki, frágangi kirkjunnar og innansmiði í mkv. 1:10 og 1:1 og byggingarnefndartekningar í 1:50. Teikningarnar byggja á uppmælingateikningum í mkv. 1:20 frá 2002 eftir Jón Pálsson arkitekt. Við smíði á bekkjum, kórþili, prédikunarstól, grátum og altari var Búrfellskirkja í Grímsnesi sem byggð var 1845 höfð að fyrirmynd enda sýnir ljósmynd af Krýsuvíkirkirkju frá 1907 að innansmiði þeirra var harla lík. Með þátttöku lðnskólans í Hafnarfirði og síðar Tækniskóla atvinnulífsins tókst að veita nemendum skólans góða innsýn í byggingaraðferðir við smíði timburhúsa um miðja 19. öld undir tryggni yfirstjórn Hrafnkels Marinóssonar. Aðkoma skólans að verkefninu er sérstaklega mikilvæg því án sérþekkingar smíða á gömlu handverki verður varðveisla gamalla húsa ekki tryggð.

Krýsuvíkirkirkja er timburhús, öll undir sama þaki, 6,82 m að lengd og 4,16 m á breidd. Þak er krossreist og klætt listasúð en veggir klæddir listapili. Kirkjan stendur á steinhöðnum sökkli og er stöguð niður á hornum með keðjum. Á hvorri hlið kirkju eru tveir gluggar með miðpósti og tveimur þriggja rúðu römmum, og fyrir þeim hlerar, en lítill fjögurra rúðu gluggi yfir kirkjudyrum. Fyrir kirkjudyrum eru vængjahurðir til hlífðar innri hurð. Tréverk allt er tjargað nema gluggar, hlífðarhurðir og kirkjuhúð sem er hvítmálum ásamt krossi.



Inn af kirkjudyrum er gangur og bekkir hvorum megin hans. Kórþil er á mörkum framkirkju og kórs, prédikunarstóll framan þess sunnan megin og altari með grátum fyrir miðjum kórgaflí. Yfir framkirkju í fremri hluta kirkjunnar eru þverbitar og yfir kirkjunni allri stafna á milli er skarsúð á sperrum. Veggir eru klæddir spjaldapili og kirkjan er ómáluð að innan nema gluggaföng og kirkjuhúð.

Í Krýsuvíkirkirkju mættast í órofnu heild góð byggingarlistarleg tök, hlutföll bundin gullinsniði sem endurspegla skiptingu kirkjunnar í framkirkju og kór sem og gluggasetningin, vandað handverk en allt yfirbragð hússins ber enn fremur minni um nægjusemi enda þurfa ekki öll Guðshús að vera háloftuð og víð til veggja. Þannig er hið nýsmíðaða kirkjuhús til vitnis um byggingarhætti 19. aldar.

Kirkjan er vel viðuð og grindin öll töppuð saman og samsetningar styrktar með sinklum sem smíðaðir eru úr 6 mm teinum. Aursyllur og gólfbitar eru úr 6x6" trjám, stoðir, skástífur, lausholt og veggssylla í hliðarveggjum eru úr 5x5" en í göflum úr 4x4". Þverbitar eru úr 4x5½" og sperrur 4x5". Veggklæðning er smíðuð úr 3,5 cm þykkum undirborðum sém eru 20-24,5 cm breið, yfirlistar eru 3,2x9,5 cm. Veggpappi er utan á grind undir veggklæðningu og loftun milli undirborða. Skarsúð er úr 2,8x19,5 borðum, ofan á henni er 12 mm grenikrossviður og pappi á honum. Þar yfir eru 12 mm klossar úr olíusoðnum krossvið sem mynda loftunarbíl. Undirborð klæðningar eru 3,5x20 cm en yfirlistar 3,2x9,5 cm. Björgunarop er í suðurglugga kórs, báðir vængir í glugganum eru opnanlegir og miðpóstur fylgir öðru faginu.

Grunnur kirkjunnar er grjóthlaðinn, 6,80 x 4,14 m að utanmáli. Hæð hans er um 40-50 cm og þykktn 30-40 cm en heildarhæð með eldri hleðslu 65-80 cm. Hann hvílir ofan á eldri grjóthleðslu frá eldri kirkjum á staðnum sem hafa verið rannsakaðar og endurhlaðnar undir eftirliti Minjastofnunar Íslands. Við öll horn kirkjunnar eru hornsteinar, grágrýtishnullungar um 50-65 cm í þvermál og er um 80-90 cm niður á neðri brún þeirra. Í steinana eru festir járnteinar sem keðjur, sem boltaðar eru í gegnum hornstoðir kirkjunnar, eru festar við.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson



Samþykkt þann
11. ÁGG. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Hildur Árnadóttir

Guðmundur Lúther Hafsteinsson
Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt, kt. 110457-2789
Hönnuður aðaluppdráttu og hönnunarstjóri



Suðurgötu 41 102 Reykjavík sími 5302200

Húsaafn
Tjarnarvöllum 11 221 Hafnarfirði
Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt
Guðmundur Lúther Hafsteinsson
Krýsuvíkirkirkja

Endurreisn eftir bruna.
Afstöðumynd.
Byggingarlýsing
Skráningartafla
Mkv.: 1:500. Teikning nr. 1.
Dags. 22.06.2020
Teiknað af: GLH

Skráningartafla: Krýsuvíkirkja, Hafnarjarðarkaupstað				Skrásetjari: Guðaugur Ema Jónsdóttir																
Landnúmer: 121493				Kennitala: 090455-4409																
Matslutunúmer: 01				Útgáfa: 4.010				Dags.: 26.7.2020												
Uppskipting og lýsing				Stærðir																
D0	D1	D2	D3	D4	D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D16	D17				
Lokun	Nými	Nöfnun	Þróð	Eignar	bolu	Milliflur	Stigur	Op	Brúðflur	Brúðflur	Salarhæð	Salarhæð	Brúð	Netflur	Brú flaturmál	Rekjalata				
	hæð	teki	flakkun	hald	stúdur	m ²	m ²	m ²	m ²	sh < 1,8	m ²	m ²	flaturmál	m ²	m ²	skipta				
																flaturmál				
		Matshúsi			28,4	0,0	0,0	0,0	28,4	0,0			91,6	23,8	28,4	76,874				
		Botn											0,0							
	01	1.hæð			28,4	0,0	0,0	0,0	28,4	0,0			91,6	23,8	28,4					
A	0101	Kirkja	N	0101	28,4				28,4		2,07	4,38	91,6	23,8	28,4	3,23	76,874			
Athugasemdir																				
Samsæmningur sumra																				
Eignarhald																				
	Eignar	Nöfnun	Brú flaturmál	Skiptaróm mál	Sérleg og															
	hald	teki	m ²	m ²	samsæm m ²															
	0101	Kirkja	28,4	76,874	76,874															
		Allt	28,4	76,874	76,874															